



Samgöngufélagið

Engjavegi 29 - 400 Ísafjörður • Kt. 620999-3269 • Netfang samgongur@samgongur.is • Veffang www.samgongur.is

Ísafirði, 11. júní 2021.

Ísafjarðarbær, netfang postur@isafjordur.is

Bolungarvíkurkaupstaður, netfang bolungarvik@bolungarvik.is

Efni: 1) Umsögn um drög að reglugerð um öryggisbúnað í jarðgöngum

1) Leyfi mér að vekja athygli á að 21. maí sl. voru birtar í samráðsgáttinni á vefnum island.is drög að reglugerð um öryggisbúnað í jarðgöngum með umsagnarfresti til 4. júní. Er málið nr. 120/20201, sjá drögin og innsendar umsagnir um málið hér [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2989](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2989).

Vart verður sagt að mikill metnaður hafi falist í þessum drögum og nefnt að markmiðið sé að tryggja „lágmarksöryggi“ vegfarenda í jarðgöngum hér á landi og því hvorki gert ráð fyrir farsíma- né útvarpssambandi í neinum göngum fyrir minni umferð en 4.000 ökutæki á dag. Sendar voru athugasemdir um þetta af hálfu Samgöngufélagsins. Hefði verið æskilegt að sveitarfélögin hér eða einhver á þeirra vegum hefðu lagt orð í belg um þetta.

Er þess vænst að þau reyni að tryggja hagsmuni vegfarenda um göngin hér með sem mestri aðkomu að þessum áformum áður en ný reglugerð verður gefin út, en m.a. er lagt til í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga að samgönguráðuneytið fundi um þessi reglugerðardrög með sambandinu og Fjallabyggð þar sem flest jarðgöng landsins er að finna áður en lengra verður haldið. Legg ég til að sveitarfélögin hér óski þátttöku í slíkum fundi.

Vel kann að vera að Samgöngufélagið beiti sér fyrir slíkum fundi með öllum þeim sem hagsmuni kunna að hafa.

F.h. Samgöngufélagsins

fyrirsvarsmaður

Afrit:

Vestfjarðarstofa, netfang fv@vestfiridir.is